

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri

Sólborg, 600 Akureyri

Sími 463-0900, Fax 463-0999

***Staða háskólamenntunar
á Austurlandi***

-- Könnun meðal einstaklinga --

Úttekt fyrir Háskólanefnd SSA

Janúar 1998

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	2
1 KÖNNUNIN	3
1.1 ÚRTAK OG HEIMTUR	3
1.2 SAMANTEKT.....	5
2 UPPLÝSINGAR UM NÁM OG STARF	6
2.1 HVADA NÁMI HEFUR ÞÚ LOKID?	6
2.2 HEFUR ÞÚ REYNSLU AF ENDURMENNTUN/STARFSFRÆÐSLU EDA FJARNÁMI?	7
2.3 Í HVADA STARFSGREIN STARFAR ÞÚ?.....	9
2.4 SAMANTEKT.....	9
3 VIÐHORF OG ÁHUGI Á HÁSKÓLAMENNTUN Á AUSTURLANDI	10
3.1 MYNDIR ÞÚ VILJA EIGA KOST Á ÞVÍ AÐ STUNDA HÁSKÓLANÁM Í ÞÍNUM LANDSFJÓRDUNGI?	10
3.2 HVAD LANGAR ÞIG TIL AÐ LÆRA?.....	14
3.3 SAMANTEKT.....	16
4 ÁHRIF HÁSKÓLAMENNTUNAR Á BÚSETU	17
4.1 TELUR ÞÚ AÐ MÖGULEIKAR Á FREKARI MENNTUN ÞINNI EDA MAKA ÞÍNS EIGI EFTIR AÐ HAFA ÁHRIF Á BÚSETU YKKAR Í FRAMTÍÐinni?	17
4.2 TELUR ÞÚ AÐ MÖGULEIKAR Á FREKARI MENNTUN BARNNA ÞINNA EIGI EFTIR AÐ HAFA ÁHRIF Á BÚSETU YKKAR Í FRAMTÍÐinni?	19
4.3 HVAR TELUR ÞÚ LÍKLEGT AÐ ÞÚ MUNIR STARFA EF ÞÚ BÆTIR VIÐ MENNTUN ÞÍNA?	22
4.4 SAMANTEKT.....	23
5 NIÐURLAG	24
5.1 SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM:.....	24

INNGANGUR

Í þessari könnun um stöðu háskólamenntunar á Austurlandi var leitað eftir viðhorfum og áhuga einstaklinga til háskólanáms í landsfjórðungnum og áhrif háskólamenntunar á búsetu. Markmiðið með könnuninni er að afla upplýsinga um afstöðu íbúa á Austurlandi til háskólamenntunar í landsfjórðungnum og áhrif hennar á búsetu.

Könnunin var gerð að frumkvæði Háskólanefndar SSA en Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) annaðist framkvæmd hennar. Dr. Ingi Rúnar Eðvarðsson hafði yfirumsjón með könnuninni, en Hjördis Sigursteinsdóttir, sérfræðingur hjá RHA, hannaði spurningalista, vann að túlkun gagna og ritaði lokaskýrslu.

Skýrslan skiptist í fimm hluta: (1) Könnunin, úrtak og heimtur, (2) Upplýsingar um nám og starf, (3) Viðhorf og áhugi á háskólamenntun á Austurlandi, (4) Áhrif háskólamenntunar á búsetu og (5) Niðurlag. Eftir hvern hluta eru helstu niðurstöður dregnar saman. Í skýrslunni er einkum að finna myndræna framsetningu á niðurstöðum. Myndirnar eru flestar skýrar og auðveldar aflestrar en við þær eru bæði skýringar og túlkanir í texta. Í flestum tilvikum er úrvinnslan einföld, þ.e. rakinn er fjöldi tilvika í svörum og hlutfallsskipting en flóknari útreikninga er að finna í einstökum tilvikum.


Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þær að fólk á miðjum aldri hefur mesta reynslu af endurmenntun/starfsfræðslu eða fjarnámi. Meirihlutinn (79,7%) vill eiga kost á því að stunda háskólanám í sínum landsfjórðungi. Fólk vill stunda kvöldskóla eða fjarnám og vera í hlutanámi, þ.e. geta stundað vinnu samhliða auknu námi og er nám sem tengist tölvum vinsælast. Hlutfallslega fleiri telja að frekari menntun sín, maka eða barna komi ekki til með að hafa áhrif á búsetu í framtíðinni, en þeir sem telja svo vera fara frekar alfarið í burtu en tímabundið. Þó áttu flestir í erfiðleikum með að tilgreina hvert. Tæpur helmingur svarenda telur að þó þeir auki menntun sína þá komi þeir til með að starfa í heimabyggð í framtíðinni.

1 KÖNNUNIN

1.1 Úrtak og heimtur

Framkvæmd könnunarinnar var þannig háttað að hringt var í 200 einstaklinga á Austurlandi, sem valdir voru með slembiúrtaki samkvæmt þjóðskrá, fyrstu vikuna í desember. Leitast var við að úrtakið endurspeglaði íbúadreifingu á Austurlandi og kynjahlutfall væri jafnt. Aldursdreifing var á bilinu 20-60 ára. Ef ekki náðist í svarendur í fyrstu tilraun voru gerðar þrjár aðrar tilraunir til að ná sambandi og tókst þannig að ná góðri svörun.

Lögheimili einstaklinga í þjóðskránni er í mörgum tilfellum ekki hið sama og dvalarstaður. Í nokkrum tilvikum kom í ljós að einstaklingur í úrtakinu dvaldi annars staðar eða var fluttur. Stundum var hægt að rekja dvalarstað og ná sambandi við hann en í fimm tilfellum reyndist það ekki mögulegt. Þessir fimm eru hluti af þeim sem ekki náðist í.




Mynd 1. Svarhlutfall könnunarinnar

Alls náðist samband við 153 einstaklinga (76,5%) og féllust 133 þeirra (66,5%) á að taka þátt í könnuninni. Í 19 tilvikum (9,5%) var ekki hægt að ná tali af viðkomandi af sérstökum ástæðum og ekki tókst að ná sambandi við 28 einstaklinga (14%) þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Sjá mynd 1.

Af þeim sem náðist í voru 20 einstaklingar (10%) sem neituðu að svara könnuninni. Þetta var aðallega fólk á miðjum aldri, 5 (25%) á aldrinum 40-44 ára og 4 (20%) 50-55 ára. Ekki er hægt að sjá neinn mun á milli kynja eða búsetu þess.

Á Austurlandi eru mörg sjávarpláss og því er ekki óeðlilegt að hluti einstaklinga í úrtakinu séu sjómenn sem erfiðlega getur reynst að ná sambandi við og varð sú raunin í níu tilvikum. Þetta hefur þó ekki áhrif á niðurstöður. Á mynd 2 má sjá þær sérstöku ástæður að ekki náðist samband við 19 einstaklinga og þeim var sleppt.



Mynd 2. Ástæður hvers vegna ekki var hægt að tala við hluta úrtaksins


Í fjórum tilvikum voru einstaklingar í erindagjörðum annars staðar á landinu og ekki var hægt að ná sambandi við þá. Hjá fjórum einstaklingum var síminn lokaður og því ekki reynt meira að ná af þeim. Tveir einstaklingar voru á sambýli fyrir þroskahefta og reyndist bæði erfitt að skilja þá og einnig fyrir þá að skilja spurningarnar. Þeim var því sleppt.

Grunnbreyturnar í könnuninni eru þrjár; kyn, aldur og búseta. Aldur var flokkaður niður í átta hópa og voru höfð fimm ár í hverjum þeirra en sex í þeim síðasta, þ.e. 20-24, 25-29, o.s.frv. Búsetu var skipt í tíu hópa: (1) Egilsstaðir, (2) Seyðisfjörður, (3) Neskaupstaður, (4) Eskifjörður, (5) Hornafjörður, (6) A-Skaftafellssýsla, (7) S-Múlasýsla (þéttbýli), (8) S-Múlasýsla (dreifbýli), (9) N-Múlasýsla (þéttbýli) og (10) N-Múlasýsla (dreifbýli). Flokkað var niður eftir heimilisföngum, sveitarbæjir falla undir dreifbýli en þar sem götuheiti var féll það undir þéttbýli.

Hlutfall milli kvenna og karla er svipað meðal svarenda og úrtaksins eða um 45% konur og um 55% karlar. Aldursdreifing svarenda er einnig mjög svipuð og úrtaksins, þó hefðu fleiri mátt svara í aldurshópnum 25-29 ára en rúm 5% svaranna kom frá þeim aldurshóp á móti 10% í úrtakinu. Í öllum öðrum aldurshópum munar minna en 2%.

Búsetudreifing svarenda er svipuð og úrtaksins eins og sjá má á mynd 3 en sú mynd sýnir hlutfallslega skiptingu eftir búsetu þeirra sem svara. Súlurnar

sýna hlutfallslega skiptingu þátttakenda í könnuninni en svarta línan hlutfallslega skiptingu úrtaksins.



Mynd 3. Hlutfallsleg skipting eftir búsetu þátttakenda í könnuninni

Æskilegt hefði verið að fá fleiri svör frá einstaklingum úr S-Múlasýslu (þéttbýli) 15% svara á móti 18% í úrtaki en annars staðar munar þetta um 0,5% og uppí rúm 2% þar sem ýmist of fáir eða of margir svara.

Niðurstaða í þátttöku er sú að þeir sem svara könnuninni endurspeglu úrtakið vel.

1.2 Samantekt


- Svarhlutfallið er 76,5%. 133 einstaklingar vildu taka þátt en 20 neituðu.
- Ekki var hægt að ná tali af 9,5% á næstunni, þar af voru 9 einstaklingar á sjó.
- Aldrei náðist í 14%.
- 10% neituðu að svara könnuninni og var það aðallega einstaklingar á miðjum aldri.
- Þeir sem svara könnuninni endurspeglu úrtakið vel

2 UPPLÝSINGAR UM NÁM OG STARF

Auk þessara þriggja grunnbreyta sem slegnar voru inn á undan var spurt almennra spurninga um nám, reynslu og starf þannig að möguleiki væri að sjá hvort slíkt hefði áhrif á svör þátttakenda.

2.1 Hvaða námi hefur þú lokið?

Byrjað var á því að spyrja hvaða námi viðkomandi hefði lokið og voru svör flokkuð í fimm hópa: (1) Grunnskóla, (2) Iðnnám eða annað starfsnám, (3) Stúdentspróf, (4) Háskólanám og (5) Annað nám og þá hvaða nám?




Mynd 4. Nám sem þátttakendur í könnuninni hafa lokið

Flestir hafa lokið grunnskólaprófi eða 67 einstaklingar (50,38%) og síðan iðnnámi eða öðru starfsnámi, 37 einstaklingar (27,82%). Mun fleiri karlar hafa meiri menntun en grunnskóla heldur en konur eða tæp 57% á mótí tæpum 41% kvenna. Munar þar helst um að mun fleiri karlar hafa iðnmenntun eða aðra starfsmenntun (33,78%) en aðeins 20,34% kvenna. Þessi eini sem lokið hefur öðru námi lauk tónlistarnámi.

Sautján einstaklingar hafa lokið háskólanámi, ellefu karlar og sex konur. Flestir eru á aldrinum 45-49 ára, eða sjö manns og þýðir þetta að 41,18% á þessu aldursbili hafa háskólamenntun. Fjórir á aldrinum 40-44 ára hafa lokið háskólanámi eða 15,38%.

Hvað varðar búsetu þá hafa engir þeirra sem svara könnuninni og eru búsettir á Hornafirði, Suður og N-Múlasýslu (þéttbýli) lokið háskólaprófi.




Mynd 5. Skipting menntunar þátttakenda í könnuninni eftir búsetu

Menntun þátttakenda í könnuninni er misjöfn eftir svæðum. Átta af tíu úr N-Múlasýslu (þéttbýli) hefur grunnskólamenntun og hinir tveir stúdentspróf. Hlutfallslega flestir af þeim sem svara frá A-Skaftafellssýslu hafa háskólapróf eða þrjú af átta. Sjá mynd 5 hér fyrir ofan.

2.2 Hefur þú reynslu af endurmenntun/starfsfræðslu eða fjarnámi?

Einstaklingar voru beðnir um að svara játandi eða neitandi hvort þeir hefðu reynslu af endurmenntun/starfsfræðslu eða fjarnámi og þá hvaða reynslu.



Mynd 6. Reynsla af endurmenntun/starfsfræðslu eða fjarnámi

43,6% (58 einstaklingar) hafa reynslu af endurmenntun/starfsfræðslu eða fjarnámi, þar af eru tæp 63% karlar. Hlutfallslega flestir á aldursbilinu 45-49 ára hafa slíka reynslu eða 12 einstaklingar af 17. 28,5% þátttakenda í könnuninni innan við þrítugt hafa þessa reynslu og 50% þeirra sem komnir eru yfir fimmtugt. Einstaklingar í dreifbýli virðast hafa meiri reynslu af endurmenntun/starfsfræðslu eða fjarnámi því 75% þeirra sem búa í A-Skaftafellssýslu og N-Múlasýslu (dreifbýli) hefur þessa reynslu en 27,7% þeirra sem býr á Hornafirði.

Þeir sem hafa reynslu af endurmenntun/starfsfræðslu eða fjarnámi voru beðnir um að tiltaka hana og í eftirfarandi töflu má sjá svörin við því.


Tafla 1. *Rreynsla sem þátttakendur í könnuninni hafa af endurmenntun/starfsfræðslu eða fjarnámi*

Texti eins og hann kom fyrir	Texti eins og hann kom fyrir
Björgunarnámsskeið fyrir sjómenn	Endurmenntun
Endurmenntun	Endurmenntun
Endurmenntun – Kjarnánámskeið	Endurmenntun í rafíðnaðarskólanum í Rvík.
Endurmenntun í handverki	Endurmenntun v/leikskólakennara
Endurmenntun Kennaraháskóla	Endurmenntun og fjarnám v/kennara
Endurmenntun og starfsnám	Endurmenntun rafvirkja
Endurmenntun tengt kennarastarfi	Endurmenntun, fjarnám
Endurmenntun/starfsfræðsla	Endurmenntunarnámskeið
Endurmenntunarstofnun háskólans	Fjarnám frá Englandi, rafmagnsverkfræði
Fjarnám í íslensku	Fjarnám í stærðfræði, HA, HÍ og KHÍ
Fjarnám við Kennaraháskólann	Fjarnám, tölvunámskeið
Fjarnám	Fjarnám, vefsíðunámskeið
Í gegnum dóttur	Í kennaraorlofi
Námskeið	Námskeið
Námskeið frá Bændaskólanum	Námskeið frá Hvanneyri
Námskeið í endurmenntun	Námskeið í endurm. – Endurmenntunarstofn.
Námskeið í endurmenntunardeild Háskólans	Námskeið í fiskvinnslu og á vegum Landsb. Ísl.
Námskeið og fjarnám í endurmenntun	Námskeið og utan skóla
Námskeið til að auka þekkingu, launahækkun	Námskeið, nokkur
Námskeið, stutt	Starfsfræðsla í sambandi við þjónustu
Starfsfræðsla varðandi verslunarstörf	Starfsfræðsla í fiskvinnslu, verkstjórn, sölu
Starfsmenntun, 2 námskeið	Tölvunám
Verkleg endurmenntun, námskeið	Öldungadeild

Atriðin sem nefnd voru eru listuð upp í töflu 1 eins og þau komu fyrir en raðað í stafrófsröð.

2.3 Í hvaða starfsgrein starfar þú?

Einstaklingar voru beðnir um að svara í hvaða starfsgrein þeir störfuðu og taldir voru upp sjö flokkar: (1) sjávarútvegur, (2) verslun/þjónusta, (3) matvælaíðnaður, (4) iðnaður, (5) landbúnaður, (6) opinber þjónusta og (7) annað og þá hvað.



Mynd 7. Hlutfallsleg skipting í starfsgreinar

Flestir sem svara könnuninni starfa í opinberri þjónustu eða 32 (24,06%) og þar á eftir kemur sjávarútvegur 25, (18,8%), verslun/þjónusta 24 (18,05%) og iðnaður með 23 eða (17,29%).

Þessir fimmtán sem svara „annað“ eru átta heimavinnandi, fjórir í skóla, tveir öryrkjar og einn í íhlaupavinnu.


2.4 Samantekt

- 50,38% þátttakenda í könnuninni hefur einungis grunnskólamenntun.
- Fleiri karlar en konur hafa einhverja framhaldsmenntun eða 57% á móti 41% kvenna
- Sautján einstaklingar (12,78%) hafa lokið háskólanámi.
- Hlutfallslega flestir svarenda úr A-Skaftafellssýslu hafa háskólagráðu eða þrjú af átta.
- 43,6% hafa reynslu af endurmenntun/starfsfræðslu eða fjarnámi og hefur fólk í dreifbýli meiri reynslu af slíku.

3 VIÐHORF OG ÁHUGI Á HÁSKÓLAMENNTUN Á AUSTURLANDI

3.1 Myndir þú vilja eiga kost á því að stunda háskólanám í þínum landsfjórðungi?


Einstaklingar voru spurðir um hvort þeir vildu eiga kost á því að stunda háskólanám í landsfjórðungnum og áttu þeir að svara játandi eða neitandi. Síðan skiptist spurningin í tvennt. Í fyrsta lagi voru þeir sem svöruðu játandi spurðir nánar út í hvers konar námsfyrirkomulag myndi henta þeim. Gefnir voru upp 6 valmöguleikar: (1) dagskóli, (2) kvöldskóli, (3) stutt námskeið, (4) helgarnámskeið, (5) fjarnám og (6) myndi ekki nýta sér tækifærið. Einnig voru þeir spurðir um hvernig nám þeir höfðu í huga og gefnir voru þrjár valmöguleikar: (1) fullt nám, (2) hluta nám, (3) endurmenntun. Í öðru lagi voru þeir sem svöruðu neitandi spurðir hvers vegna þeir vildu ekki eiga kost á því og voru gefnir upp sjö valmöguleikar: (1) hef áhuga á öðru námi en háskólanámi, (2) hef engan áhuga, (3) skortir nauðsynlegan undirbúning, (4) er of tímafrekt, (5) er of dýrt, (6) hentar ekki vegna starfs og (7) annað.



Mynd 8. Mat á hvort vilji sé fyrir að eiga kost á að stunda háskólanám í landsfjórðungnum


Mikill meirihluti vill eiga kost á því að stunda háskólanám í sínum landsfjórðungi eða 106 einstaklingar (79,7%).

Þeir einstaklingar sem svöruðu þessari spurningu játandi voru síðan beðnir um að segja hvernig námsfyrirkomulag þeir hefðu í huga og á mynd 9 má sjá hvernig svörin skiptust.




Mynd 9. Hvernig námsfyrirkomulag hentar þátttakendum í könnuninni

Það hentar 21 einstakling að stunda háskólanám í dagskóla. Flestir vilja stunda háskólanám með vinnu þar sem 29 vilja kvöldskóla og 22 fjarnám. Helgarnámskeið eiga ekki upp á pallborðið.



Mynd 10. Hvernig nám þátttakendur í könnuninni hafa í huga

68,13% hafa hug á því að stunda hlutanám og 31,87% fullt nám. Enginn nefndi endurmenntun. Af þeim sem vilja stunda dagskóla eru 57,14% sem hafa í huga fullt nám og 38,1% hlutanám. Einn þátttakandi er óákveðinn. Greinilegt er að það eru ekki margir tilbúnir til þess að rífa sig upp og setjast á skólabeck í háskóla heldur stendur vilji til að eiga kost á að auka menntun sína samhliða vinnu.



Mynd 11. Námsfyrirkomulag sem myndi henta þátttakendum í könnuninni skipt eftir búsetu

Enginn þátttakandi í könnuninni sem búsettur er á Egilsstöðum hefur áhuga á því að stunda dagskóla en flestir eða 33,33% hafa áhuga á stuttum námskeiðum og koma 55,56% þeirra sem hafa áhuga á slíkum námskeiðum frá Egilsstöðum. Hjá þátttakendum frá Seyðisfirði eru hlutfallslega flestir (50%) sem vilja stunda fjarnám en 45% búsettum á Neskaupsstað eru óákveðnir. Hlutfallslega flestir í N-Múlassýslu (þéttbýli) vilja stunda dagskóla eða 40% og 20% fjarnám. Sjá nánar á mynd 11.

Karlar eru viljugri til þess að stunda fjarnám heldur en konur því 22,97% þeirra hafa hug á því en einungis 8,47% kvenna. Um 22% bæði kvenna og karla hentar fullt nám en fleiri konur, 50,85% vilja hlutanám á móti 43,24% karla.

Aldur hefur töluverð áhrif á það hvernig námsfyrirkomulag hentar einstaklingunum. Þeir sem yngri eru vilja frekar stunda dagskóla og hentar það 42,86% á aldursbilinu 20-24 en síðan fer hlutfallið lækkandi og eftir 35 ára aldur sveiflast það í kringum 10%.


Hvað kvöldskóla varðar þá hefur yngsti aldurshópurinn ekki mikinn áhuga á slíku (innan við 10%) en frá 25 ára til 39 ára hentar það tæplega 30% og fer í

Viðhorfskönnun Háskólanefndar SSA

tæp 40% hjá aldurshópnum 40-44 ára. Kvöldskóli hentar aðeins einum þátttakenda í hverjum aldurshópi þar ofar. Fjarnám hentar best aldurshópnum 45-49 ára en 35,29% þeirra vilja slíkt og 25% þeirra sem eru 55 ára og eldri.

Hlutfallslega fæstir þátttakenda búsettum á Eskifirði og A-Skaftafellssýslu eða 12,5% hafa hug á því að stunda fullt nám en hlutfallslega flestir frá Hornafirði eða 33,33%. Á Egilsstöðum eru 73,33% sem vilja stunda hlutanám en aðeins 30% á Neskaupsstað en þar eru aðilar flestir óákveðnir eða 45% og einnig 45% einstaklinga í S-Múlasýslu (þéttbýli).


Aldur hefur töluverð áhrif á skoðanir um hvernig nám einstaklingar hafa í huga.



Mynd 12. Hlutfallsleg skipting náms sem viðkomandi hefur í huga eftir aldri

Hlutfallslega flestir í yngsta aldurshópnum vilja frekar stunda fullt nám eða 42,86%, 28,57% vilja stunda hlutanám og 28,57% eru óákveðnir. Hlutfallslega flestir á aldrinum 40-44 ára vilja stunda hlutanám eða 61,54% þeirra og 58,82% þeirra sem eru 45-49 ára. Sjá mynd 12.

Þeir einstaklingar sem svöruðu að þeir myndu ekki vilja eiga kost á því að stunda háskólanám í sínum landsfjórðungi voru beðnir um að skýra frá hvers vegna ekki og þeim voru gefnir sjö valkostir: (1) hef áhuga á öðru námi en háskólanámi, (2) hef engan áhuga, (3) skortir nauðsynlegan undirbúning, (4) er of tímafrekt, (5) er of dýrt, (6) hentar ekki vegna starfs og (7) annað.



Mynd 13. Ástæða þátttakenda í könnuninni fyrir að vilja ekki eiga kost á að stunda háskólanám í landsfjórðungnum

48,15% þeirra sem ekki vilja eiga kost á því að stunda háskólanám í sínum landsfjórðungi hefur einfaldlega engan áhuga á háskólanámi og 37,04% gáfu engar skýringar á svari sínu.

Karlar eru 63% þeirra sem svara þessari spurningu neitandi en konur 37%. Svörin dreifðust á alla aldurshópa en hlutfallslega flestir eru búsettir á Neskaupsstað og síðan á Hornafirði.

3.2 Hvað langar þig til að læra?

Í þessar spurningu voru einstaklingar beðnir um að telja upp þrennt sem þeir hafa áhuga á að læra. Þetta var opin spurning og mátti nefna hvað sem var. Ekki var gerður greinarmunur á því hvort svar einstaklinga var ein námsgrein, braut, deild eða fagheiti. Í töflu 2 eru svör listuð upp og voru þau flokkuð saman sem voru nákvæmlega eins. Listinn er í stafrófsröð en ef svarið féll undir annað sem nefnt er þá var því raðað þar undir.

Viðhorfskönnun Háskólanefndar SSA

Tafla 2. Heiti náms og námsgreina sem þátttakendur í könnuninni hafa áhuga á að stunda

Nám:	Fjöldi:
Almenn menntun	1
Bifvélavirkjun	1
Dýralæknir	1
Ferðamennska	1
Fornleifafræði	1
Gullsmíði	1
Hjúkrunarfræði	6
- Ljosmóðir	1
Kennaranám	3
- Leikskólakennari	2
- Framhaldsnám við kennaramenntun	2
Líffræði	3
Matreiðsla	1
Rafmagnsverkfræði	6
Rekstrarfræði	1
Rennismíði	1
Sagnfræði	2
Sálfræði	2
Sjávarútvegsfræði	2
Skrifstofustörf	1
Stjórnufræði	1
Tungumál	2
- Enska	1
- Íslenska	2
Tækninám	2
Nám tengt tölvum	15
Viðskiptafræði	3

Flestir nefndu nám sem tengdist tölvum eða fimmtán einstaklingar, sjö nefndu uppeldismentun og sjö á sviði heilbrigðisdeildar. Ekki verða svörin í þessari töflu túlkuð nánar og getur hver og einn lesið út úr henni að vild.


3.3 Samantekt

- 79,7% vilja eiga kost á því að stunda háskólanám í sínum landsfjórðungi.
- 31% vill stunda nám í kvöldskóla, 24% í fjarnámi og 23% í dagskóla.
- 68,13% hefur hug á því að stunda hlutanám.
- 57,14% þeirra sem vilja stunda dagskóla hafa fullt nám í huga.
- Það er vilji fólks að auka menntun sína samhliða vinnu.
- Kyn, aldur og búseta hafa áhrif á svör um námsfyrirkomulag og hvernig nám viðkomandi hefur í huga.
- Yngsti aldurshópurinn vill dagskóla og fullt nám.
- Karlar hafa meiri hug á að stunda fjarnám en konur eða 22,97% á móti 8,47% kvenna.
- Helsta skýring á því hvers vegna einstaklingar vilja ekki eiga kost á að stunda háskólanám í sínum landsfjórðungi er sú að þeir hafa ekki áhuga á háskólanámi, (48,15%).
- Nám tengt tölvum er það sem flestir þátttakenda í könnuninni vilja læra.

4 ÁHRIF HÁSKÓLAMENNTUNAR Á BÚSETU

4.1 Telur þú að möguleikar á frekari menntun þinni eða maka þíns eigi eftir að hafa áhrif á búsetu ykkar í framtíðinni?

Einstaklingar voru beðnir um að taka afstöðu til þess hvort möguleikar á frekari menntun þeirra eða maka þeirra ætti eftir að hafa áhrif á búsetu þeirra í framtíðinni. Þeir sem svöruðu því játandi voru beðnir um að segja hvaða áhrif þetta myndi hafa, (1) flytja alfarið úr fjórðungnum eða (2) flytja tímabundið úr fjórðungnum. Síðan voru gefnir sex valkostir um hvert flutt yrði: (1) á höfuðborgarsvæðið, (2) Norðurland, (3) Vesturland, (4) Vestfirði, (5) Suðurland eða (6) erlendis.




Mynd 14. Áhrif möguleika á frekari menntunar á búsetu þátttakenda í framtíðinni

Meirihluti þátttakenda (55,64%) telur að frekari menntun sín eða maka eigi ekki eftir að hafa áhrif á búsetu sína í framtíðinni en 44,36% telur svo vera. Búseta hefur nokkur áhrif á hvort aðilar svari þessari spurningu játandi eða neitandi. Hlutfallslega flestir einstaklinga búsettir á Egilsstöðum svara neitandi eða 73,33% og síðan frá Seyðisfirði 70%. Í S-Múlasýslu (þéttbýli) er þessu öfugt farið, 65% svara játandi og 62,5% í N-Múlasýslu (dreifbýli).

Aldur hefur einnig mikið að segja um hvernig einstaklingar svara þessari spurningu. Hlutfall þeirra sem svara spurningunni játandi er hæst hjá þeim sem yngstir eru og fer síðan lækkandi eftir því sem aldur hækkar. Í yngsta aldurshópnum (20-24 ára) er 85,71% sem svarar játandi, 71,43% hjá 24-29 ára, 61,11% hjá 30-34 ára og er hlutfallið komið niður í 11,76% hjá 45-49 ára.


54,28% þeirra sem svöruðu spurningunni játandi telja að þeir komi til með að flytja alfarið úr fjórðungnum en 45,72% tímabundið.



Mýnd 15. Hvert þátttakandi myndi flytja ef hann eða maki hans eykur menntun sína

Þeir sem hugsanlega flytja alfarið burtu úr fjórðungnum eru flestir óákveðnir hvert þeir færu eða 43,75% en 34,36% hefur augastað á höfuðborgarsvæðinu og 12,5% á Norðurlandi. Hjá 6,25% stefnir hugurinn erlendis. Þeir sem hugsa sér að flytja tímabundið úr fjórðungnum færu flestir á höfuðborgarsvæðið, 40,74% en 25,93% vita ekki hvert og 22,22% á Norðurland. 11,11% gætu hugsað sér að flytja tímabundið erlendis. Enginn hefur hug á að flytja til Vestfjarða eða á Vesturland hvorki tímabundið né alfarið.

Karlar vilja frekar fara alfarið í burtu en konur eða 64,52% á móti 42,11% en hlutfallslega fleiri konur tímabundið, 57,89% á móti 35,48% karla. Af þeim körlum sem vilja flytja alfarið veit helmingur ekki hvert en 40% (8) vill fara á höfuðborgarsvæðið. Þeir karlar sem vilja fara tímabundið eru jafn margir sem færu þá á höfuðborgarsvæðið, Norðurland eða eru óákveðnir eða 27,27% (3) í hverju tilfelli og 18% (2) vill fara erlendis. Þær konur sem vilja fara alfarið burtu eru fjórar óákveðnar hvert þær færu og þrjár færu á höfuðborgarsvæðið og þrjár á Norðurland. Helmingur kvenna sem færu tímabundið í burta færu á höfuðborgarsvæðið eða átta konur.




Mynd 16. Hvaða áhrif meiri menntun hefur á þá sem telja að það skipti máli eftir búsetu þátttakenda

Þátttakendur í könnuninni sem telja að menntun hafi áhrif á búsetu þeirra í framtíðinni og búsettir eru í S-Múlasýslu (þéttbýli) vilja frekar flytja alfarið úr fjórðungnum eða 11 af 13. Hjá einstaklingum búsettum á Neskaupsstað, Hornafirði, A-Skaftafellssýslu og N-Múlasýslu (þéttbýli) skiptist þetta jafnt, 50% svarar alfarið og 50% tímabundið.

Fólk á aldrinum 50-54 ára vill frekar flytja alfarið burtu úr fjórðungnum eða 75% þess hóps, 72,22 þeirra sem eru 20-24 ára og 66,7% 35-39 ára. Hjá öðrum aldurshópum er hlutfallið minna og hjá 45-49 og 55 ára og eldri eru allir sem vilja frekar flytja tímabundið.

4.2 Telur þú að möguleikar á frekari menntun barna þinna eigi eftir að hafa áhrif á búsetu ykkar í framtíðinni?


Einstaklingar voru síðan spurðir hvort að möguleikar á frekari menntun barna þeirra eigi eftir að hafa áhrif á búsetu þeirra í framtíðinni. Þeir sem svöruðu því játandi voru beðnir um að segja hvaða áhrif þetta myndi hafa, (1) flytja alfarið úr fjórðungnum eða (2) flytja tímabundið úr fjórðungnum. Síðan voru gefnir sex valkostir um hvert skyldi flytja; (1) á höfuðborgarsvæðið, (2) Norðurland, (3) Vesturland, (4) Vestfirði, (5) Suðurland eða (6) erlendis.



Mynd 17. Áhrif möguleika barna þátttakenda á frekari menntun á búsetu þeirra í framtíðinni

Tæpur helmingur þátttakenda (48,12%) telur að frekari menntun barna sinna eigi eftir að hafa áhrif á búsetu sína í framtíðinni. Búseta hefur nokkur áhrif á hvort einstaklingar svari þessari spurningu játandi eða neitandi. Hlutfallslega flestir þátttakenda í könnuninni sem búsettir eru á Eskifirði, svara neitandi eða 75% og síðan Seyðisfirði eða 70%. Í S-Múlasýslu (dreifbýli) er þessu öfugt farið, 68,75% svara því játandi að möguleikar á frekari menntun barna hafi áhrif á búsetu þeirra í framtíðinni. Athyglisvert er að í yngsta aldurshópnum (20-24 ára) eru hlutfallslega fæstir sem segja að þetta hafi áhrif eða 28,57% en hjá einstaklingum á aldrinum 25-44 ára telur meira en helmingur (yfir 50%) að frekari menntun barna þeirra komi til með að hafa áhrif á búsetu þeirra í framtíðinni.


Af þeim sem svara þessari spurningu játandi telur 60,94% að þeir komi til með að flytja alfarið en 39,06% tímabundið.



Mynd 18. Hvert þátttakandi myndi flytja ef börn hans auka við menntun sína

Viðhorfskönnun Háskólanefndar SSA

Af þeim einstaklingum sem telja að þeir fari alfarið úr fjórðungnum er 46,15% sem getur ekki sagt hvert þeir komi til með að flytja, en 30,77% tiltekur höfuðborgarsvæðið. Af þeim sem fara tímabundið stefnir 48% á höfuðborgarsvæðið, 32% eru óákveðin og 16% á Norðurland. Enginn hefur hug á að fara til Vestfjarða eða Vesturland, hvorki tímabundið né alfarið.




Mynd 19. Hvaða áhrif meiri menntun barna hefur á þá sem telja að það skipti máli eftir búsetu þátttakenda

Báðir íbúar á Eskifirði sem svöruðu spurningunni játandi, þ.e. að meiri möguleikar í menntun barna hafi áhrif á búsetu þeirra í framtíðinni, vilja fara alfarið í burtu, 10 af 11 úr S-Múlasýslu (dreifbýli) og 4 af 5 úr A-Skaftafellssýslu. Á Egilsstöðum vilja 5 af 6 flytja tímabundið, 3 af 5 úr N-Múlasýslu (dreifbýli) og 5 af 9 frá Hornafirði.

Hvað varðar aldur þá voru allir fjórir einstaklingarnir í aldurshópnum 50-54 ára sem vilja flytja alfarið í burtu úr fjórðungnum, 3 af 4 á aldrinum 25-29 og 11 af 15 sem eru 35-39 ára. Einstaklingar á aldursbilinu 40-45 ára eru þeir einu sem vilja flytja tímabundið í burtu eða 9 af 14 og hjá 45-49 ára skiptist þetta jafnt 50%. Yngsti aldurshópurinn (20-24 ára) hefur mestan áhuga á að flytja á höfuðborgarsvæðið, bæði tímabundið og alfarið. Hjá öðrum aldurshópum dreifist þetta.

4.3 Hvar telur þú líklegt að þú munir starfa ef þú bætir við menntun þína?

Spurt var um hvar þátttakendur teldu líklegt að þeir myndu starfa ef þeir bættu við menntun sína og voru þeim gefnir fimm valkostir: (1) í heimabyggð, (2) annarstaðar á Austurlandi, (3) annarstaðar á landsbyggðinni, (4) á höfuðborgarsvæðinu og (5) erlendis.



Mynd 20. Líklegir staðir sem þátttakendur munu starfa á auki þeir menntun sína

49,62% einstaklinga (66) telja að þó þeir auki við þekkingu sína þá komi þeir til með að starfa í heimabyggð sinni og 21,80% (29) geta ekki svarað þessu. Einungis þrír sjá fyrir sér að starfa erlendis og eru tveir þeirra 20-24 ára og einn 35-39 ára.

Hlutfallslega fleiri konur vilja starfa í heimabyggð eða 54,24% á móti 45,95% karla og 15,25% kvenna vilja starfa á landsbyggðinni á móti 6,75% karla. Mun fleiri karlar vilja starfa á höfuðborgarsvæðinu eða 18,92% á móti 5,08% kvenna.

Hlutfallslega flestir þátttakenda frá Egilsstöðum eða 10 af 15 telur sig koma til með að starfa í heimabyggð, 6 af 10 frá Seyðisfirði og 9 af 16 úr S-Múlasýslu (dreifbýli). Þátttakendur úr S-Múlasýslu (þéttbýli) eru óákveðnir hvar þeir muni starfa því 8 af 20 geta ekki svarað spurningunni, 3 af 8 úr A-Skaftafellssýslu og 5 af 18 frá Hornafirði. Þeir sem telja að þeir komi til með að starfa annars staðar á landsbyggðinni eru 2 af 8 þeirra sem búa á Eskifirði og N-Múlasýslu (dreifbýli) og 2 af 10 í N-Múlasýslu (þéttbýli).

Einstaklingar sem eru milli fertugs og fimmtugs telja hlutfallslega flestir að þeir komi til með að starfa í heimabyggð eða 65,38% þeirra sem eru 40-44 ára og 64,71% 45-49 ára. Þeir sem stefna á höfuðborgarsvæðið eru yngri en 30 ára eða tæp 53% þeirra sem þangað ætla og tæp 30% eru á aldrinum 35-39 ára. Þeir sem eru eldri en 50 ára eru óákveðnastir eða 66,67% (8 af 12) af aldurshópnum 50-54 ára og 50% (4 af 8) þeirra sem eru 55-60 ára.

4.4 Samantekt

- 44,36% þátttakenda í könnuninni telja að möguleikar á frekari menntun sinni eða maka síns eigi eftir að hafa áhrif á búsetu sína í framtíðinni.
- Frekari menntun einstaklinga eða maka þeirra hefur meiri áhrif á búsetu í framtíðinni hjá þeim sem yngri eru eða 85,72% hjá aldurshópnum 20-24 ára en 11,76% þeirra sem eru 45-50 ára.
- Þeir sem telja að möguleikar á frekari menntun þeirra eða maka hafi áhrif á búsetu færu frekar alfarið í burtu eða 54,28% en flestir þeirra geta þó ekki nefnt hvert.
- 48,12% telja að möguleikar á frekari menntun barna sinna eigi eftir að hafa áhrif á búsetu þeirra í framtíðinni.
- 68,75% þátttakenda úr S-Múlasýslu (dreifbýli) svara játandi að möguleikar á frekari menntun barna þeirra hafi áhrif á búsetu í framtíðinni en 25% þátttakenda frá Eskifirði.
- Þeir sem telja að möguleikar á frekari menntun barna þeirra hafi áhrif á búsetu færu frekar alfarið í burtu eða 60,94% en flestir þeirra (40,15%) geta þó ekki nefnt hvert.
- Yngsti aldurshópurinn stefnir á höfuðborgarsvæðið, bæði tímabundið og alfarið.
- 49,62% þátttakendur telja að það sé líklegt að þeir komi til með að starfa í heimabyggð auki þeir menntun sína.
- Hlutfallslega fleiri konur vilja starfa í heimabyggð eða 54,24% kvenna á móti 45,95% karla.
- Hlutfallslega flestir þátttakenda frá Egilsstöðum eða 66,67% svara í heimabyggð og 40% úr S-Múlasýslu (þéttbýli) geta ekki svarað spurningunni.
- Þeir sem stefna á höfuðborgarsvæðið eru yngri en 30 ára.

Viðhorfskönnun Háskólanefndar SSA

- Yngsti aldurshópurinn stefnir á höfuðborgarsvæðið, bæði tímabundið og alfarið.
- 49,62% einstaklinga telja að þeir komi til með að starfa í heimabyggð þó þeir auki menntun sína. Þar af eru hlutfallslega fleiri konur og hlutfallslega flestir á milli fertugs og fimmtugs.
- Hlutfallslega flestir þátttakenda frá Egilsstöðum eða 66,67% telja sig koma til með að starfa í heimabyggð og 40% úr í S-Múlasýslu (þéttbýli) geta ekki svarað hvar.
- Þeir einstaklingar sem telja sig koma til með að starfa á höfuðborgarsvæðinu í framtíðinni eru yngri en 30 ára.